

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 8/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 134/2009 frá 16. febrúar 2009 um breytingu á XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/63/EB frá 20. nóvember 2008 um skilgreiningu sniðs fyrir upplýsingarnar sem aðildarríkin senda í samræmi við iii-lið b-liðar 4. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/321/EB frá 8. apríl 2009 um nýjan frest til að leggja fram málskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/322/EB frá 8. apríl 2009 um undanþágu frá því að færa tiltekni efni á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/324/EB frá 14. apríl 2009 um undanþágu frá því að færa tiltekin efni á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 46, 17.2.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 23, 27.1.2009, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 44.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 96, 15.4.2009, bls. 37.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):
„– **32009 R 0134**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 134/2009 frá 16. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 46, 17.2.2009, bls. 3).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2008):
 - „12zo. **32009 D 0063**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/63/EB frá 20. nóvember 2008 um skilgreiningu sniðs fyrir upplýsingarnar sem aðildarríkin senda í samræmi við iii-lið b-liðar 4. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 (Stjtið. ESB L 23, 27.1.2009, bls. 30).
 - 12zp. **32009 D 0321**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/321/EB frá 8. apríl 2009 um nýjan frest til að leggja fram málskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsókuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (Stjtið. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 42).
 - 12zq. **32009 D 0322**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/322/EB frá 8. apríl 2009 um undanþágu frá því að færa tiltekni efni á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 95, 9.4.2009, bls. 44).
 - 12zr. **32009 D 0324**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/324/EB frá 14. apríl 2009 um undanþágu frá því að færa tiltekin efni á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 96, 15.4.2009, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 134/2009 og ákvarðana 2009/63/EB, 2009/321/EB, 2009/322/EB og 2009/324/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.